# Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

**1.1 Vörukenni:** **Maston Tæringarvörn 1kg**
**Vörunúmer:** **CR01120**

**1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:**

**Viðeigandi notkun** Málning með tæringarvörn.
**Notkun sem ráðið er frá** Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

**1.3 Söluaðili:**

| | Söluaðili | Framleiðandi |
|---|---|---|
| | **Stilling ehf** | Maston Oy |
| | Klettháls 5 | Teolliesuustie 10 |
| | 110 Reykjavík | FI-02880 Veikkola |
| | | Finnland |
| **Sími:** | 5208000 | 00-358-20-7188-599 |
| **Netfang:** | stilling@stilling.is | maston@maston.fi |
| **Veffang:** | www.stilling.is | www.maston.fi |

**1.4 Neyðarsímanúmer:** Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

**2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:**

**Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):**

| | | |
|---|---|---|
| H226 | Eldfimur vökvi og gufa | Eldf.vökvi 3 |
| H412 | Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif | Langv.eit.á vatn 3 |

**Flokkun skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum): (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum:)**

| | |
|---|---|
| H10 | Eldfimt |
| H52/53 | Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni |
| H67 | Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima |

**2.2 Merkingaratriði:**

**Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):**

**Hættutákn:**



**Viðvörunarorð:** **VARÚÐ**

**Hættusetningar**

| | |
|---|---|
| H226 | Eldfimur vökvi og gufa |
| H412 | Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif |

**Varnaðarsetningar**

| | |
|---|---|
| P101 | Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk. |
| P102 | Geymist þar sem börn ná ekki til |
| P210 | Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar. |
| P233 | Ílát skal vera vel lukt. |
| P243 | Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni. |
| P273 | Forðist losun út í umhverfið. |
| P280 | Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar. |

| | |
|---|---|
| P302+P352 | BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni. |
| P304+P340 | EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun. |
| P312 | Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart. |
| P403+P235 | Geymist á vel-loftræstum stað. Geymist á köldum stað. |
| P501 | Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku. |
| EUH066 | Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð |

**2.3 Aðrar hættur:**
*Sjá einnig 11. og 15. lið.*

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

**3.1 Efni:** Á ekki við

**3.2 Blöndur:** Blanda litarefna, bindiefna og aukefna í lífrænum leysum.

| **Nafta (úr jarðolíu), brennisteinssneyttt með vetni, þungt (<0,1% EINECS 200-753-7)** | | | |
|---|---|---|---|
| **Skráningarnúmer ECHA** | 01-2119490979-12 | **Innihald %** | **5 - <10** |
| **Raðnúmer** | 649-330-00-2 | **Varnaðarmerki:** | Xi, Xn, N |
| **EINECS, ELINECS** | 265-185-4 | **H-setningar** | H10, H37, H51, H53, H65, H66, H67 |
| **CAS** | 64742-82-1 | **Flokkun, hættumerking** | Hættulegt heilsu, Ertandi, Hættulegt umhverfinu |
| **Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)** | | | |
| Eldf.vökvi 3 - **H226**, Eit.v.ásvelg.1 - **H304**, SEM-VES 3 - **H335-336**, Langv.eit.á vatn 2 - **H411, EUH066** | | | |

| **Leysinafta (úr jarðolíu), létt, arómatískt (<0,1% EINECS 200-753-7)** | | | |
|---|---|---|---|
| **Skráningarnúmer ECHA** | 01-2119486773-24 | **Innihald %** | **5 - <10** |
| **Raðnúmer** | 649-356-00-4 | **Varnaðarmerki:** | Xi, Xn, N |
| **EINECS, ELINECS** | 265-199-0 | **H-setningar** | H10, H37, H51, H53, H65, H66, H67 |
| **CAS** | 64742-95-6 | **Flokkun, hættumerking** | Hættulegt heilsu, Ertandi, Hættulegt umhverfinu |
| **Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)** | | | |
| Eldf.vökvi 3 - **H226**, Eit.v.ásvelg.1 - **H304**, SEM-VES 3 - **H335-336**, Langv.eit.á vatn 2 - **H411, EUH066** | | | |

**Annað:**
*Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2, 11, og 12. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.*

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálp

**4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:**

**Almennt**
Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn.
Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er á ástandi hins slasaða eða hann/hún sýnir merki um vímuáhrif. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis. Sýnið öryggisblaðið.

**Innöndun**
Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.

**Snerting við húð**
Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis verði vart við ertingu.
Við bruna og kalsár skal ekki fjarlægja fatnað. Sprengið ekki blöðrur.

**Snerting við augu**
Skolið varlega með miklu volgu vatni í amk 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun, nema þær séu fastar, sem gæti valdið frekari skaða. Leitið augnlæknis ef einkenni hverfa ekki og sýnið öryggisblaðið.

**Inntaka**
Framkallið ekki uppköst. Skolið munn og kok. Leitið strax læknis. Ásvelgingarhætta.

**4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:**
Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.

**4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:**
Meðferð sé samkvæmt einkennum.

## 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

**5.1 Slökkvibúnaður:**

**Hentugur slökkvibúnaður:** Koldíoxíð, slökkviduft (ABC), froða. Kælið umbúðir með vatnsúða.

**Óhentugur slökkvibúnaður:** Beinn vatnsgeisli. Forðist notkun vatns við slökkvistarf.

**5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:**

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð. Við bruna geta einnig myndast afar eitruð niðurbrotsefni, sem geta valdið verulegri hættu fyrir heilsu fólks

**5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:**

Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

**6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:**

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla hita- eld- og neistagjafa. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni. Notið persónuhlífar. Reykið ekki.

**6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:**

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

**6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:**

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.
Notið ekki brennanleg ísogsefni svo sem sag.

**6.4 Tilvísun í aðra liði:** Sjá liði 8. og 13.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

**7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:**

Fylgið lögum og reglum. Forðist áhættu í meðferð efnavara. Reykið ekki.
Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu.
Fjarlægið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og myndun stöðurafmagns.
Notið ekki á heita fleti. Losið ekki í niðurföll. Hellið rólega milli íláta. Fylgið notkunarleiðbeiningum.
Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

**7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:**

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymsluhitastig: 5-50°C. Geymslutími allt að 36 mánuðum.
Forðist hátt hitastig (>50°C), beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda og stöðurafmagn.

**7.3 Sértæk, endanleg notkun:**

Sjá lið 1.2

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

**8.1 Takmörkunarfæribreytur:**

**8.2 Váhrifavarnir:**

**Tæknileg atriði** Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Notið CE merktar persónuhlífar.
Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

| | |
|---|---|
| **Persónuhlífar** | |
| **Augnhlífar** | Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166) |
| **Húð - hendur** | Notið efnaþolna hlífðarhanska.<br>Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.<br>Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. |
| **Húð - annað** | Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggisskófatnaðar. |
| **Öndunarfæri** | Sé loftræsting ófullnægjandi eða úðamyndun, notið viðurkennda öndunargrímu. |
| **Umhverfi** | Forðist alla mengun umhverfis. |

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

| | | |
|---|---|---|
| **Eðlisástand við 20°C:** | Vökvi | |
| **Suðumark:** | 154°C | (drifefni) |
| **Blossamark:** | 40°C | (drifefni) |
| **Tendrunarmark:** | 275°C | (drifefni) |
| **Lægri sprengimörk í lofti:** | 0,6% | |
| **Hærri sprengimörk í lofti:** | 7,5% | |
| **Gufuþrýstingur (20°C):** | 533 | Pa |
| **Gufuþrýstingur (50°C):** | 2959 | Pa |
| **Eðlismassi við 20°C:** | 1,34 | $g/cm^3$ |
| **Seigja (dýnamísk) við 20°C:** | 25000 | cP |
| **Seigja (kínematísk) við 20°C:** | 18656 | cSt |

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Gerist ekki við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur, stöðurafmagn og aðrir íkveikjuvaldar.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Brennanleg og eldfim efni.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð. Við bruna geta einnig myndast afar eitruð niðurbrotsefni, sem geta valdið verulegri hættu fyrir heilsu fólks

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Engar upplýsingar liggja fyrir um vöruna sjálfa.  Endurtekin og langvarandi váhrif, eða sé styrkur yfir viðmiðunarmörkum, getur haft heilsuskaða í för með sér.

| | |
|---|---|
| **Inntaka** | Varan uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, þar sem hún inniheldur ekki efni sem teljast hættuleg við inntöku. Sjá einnig lið 3. |
| **Innöndun** | Varan uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, en hún inniheldur efni sem teljast hættuleg við innöndun. Sjá einnig lið 3. |
| **Húð og augu** | Varan uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, þar sem hún inniheldur ekki efni sem teljast hættuleg í þessu tilliti. Sjá einnig lið 3. |
| **Krabbamein, stökkbreytingar, eitrun æxlunarfæra** | Varan uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, þar sem hún inniheldur ekki efni sem teljast hættuleg í þessu tilliti. Sjá einnig lið 3. |

**Næming** Varan uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, þar sem hún inniheldur ekki efni sem teljast valda næmingu. Sjá einnig lið 3.

**Sértæk eiturhrif á marklíffæri váhrif í eitt skipti** Varan uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, en hún inniheldur efni sem teljast hættuleg við innöndun. Sjá einnig lið 3.

**Sértæk eiturhrif á marklíffæri endurtekin váhrif** Getur valdið þurri og sprunginni húð.

**Ásvelgingarhætta** Varan uppfyllir ekki flokkunarviðmið samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, en hún inniheldur efni sem teljast hættuleg í þessu tilliti. Sjá einnig lið 3.

**Nafta (úr jarðolíu), brennisteinssneyttt með vetni, þungt (<0,1% EINECS 200-753-7)**

| | Gildi | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Bráð eiturhrif, inntaka | $LD_{50}$ | 5100 | mg/kg | rotta | |
| Bráð eiturhrif, ísog um húð | $LD_{50}$ | 3160 | mg/kg | kanína | |
| Bráð eiturhrif, innöndun | $LC_{50}$ | 12 | mg/l/4 klst | rotta | |

**Leysinafta (úr jarðolíu), létt, arómatískt (<0,1% EINECS 200-753-7)**

| | Gildi | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Bráð eiturhrif, inntaka | $LD_{50}$ | 2100 | mg/kg | rotta | |
| Bráð eiturhrif, ísog um húð | $LD_{50}$ | 2000 | mg/kg | kanína | |

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif:

**Nafta (úr jarðolíu), brennisteinssneyttt með vetni, þungt (<0,1% EINECS 200-753-7)**

| | Gildi | Niðurstaða | Tími | Dýrategund | Aðferð |
|---|---|---|---|---|---|
| Eiturhrif | $EC_{50}$ | 4,3 mg/l | | skeldýr | |
| Uppsöfnun í lífverum | LogPow | 4 | | | Mikil hætttta |
| Uppsöfnun í lífverum | BCF | 645 | | | Mikil hætttta |

**Leysinafta (úr jarðolíu), létt, arómatískt (<0,1% EINECS 200-753-7)**

| | Gildi | Niðurstaða | Tími | Dýrategund | Aðferð |
|---|---|---|---|---|---|
| Eiturhrif | $LC_{50}$ | 1 - 10 mg/l | 96 klst | Fiskar | |
| Eiturhrif | $EC_{50}$ | 1 - 10 mg/l | | skeldýr | |
| Eiturhrif | $EC_{50}$ | 1 - 10 mg/l | | Þörungar | |
| Þrávirkni og niðurbrot | BOD5/COD | 0,19/0,44 | O2/g | | |
| Uppsöfnun í lífverum | LogPow | 4 | | | |

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

**Vara** Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.
Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
08 01 11 (úrgangsmálning og -lökk sem í eru lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni)

**Óhreinar umbúðir** Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hvorki skal gata, brenna eða skera umbúðir
Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
15 01 04 (málmumbúðir)

## 14. Upplýsingar um flutninga

**ADR:**

Varúðarmerking




**UN Númer** 1263
**Efnisheiti v. flutninga:** PAINT
**Hættuflokkur:** 3
**Pökkunarflokkur:** III
**Hættuundirflokkur:** 163, 640E, 650
**Jarðgangaflokkun:** D
**Mengunarhætta:** Nei

**IMDG:**




| | |
|---|---|
| **UN Númer** | 1263 |
| **Efnisheiti v. flutninga:** | PAINT |
| **Hættuflokkur:** | 3 |
| **Pökkunarflokkur:** | III |
| **EmS:** | F-E, S-E |
| **Sérstakar reglur:** | 163, 223, 944, 955 |
| **Mengunarhætta:** | Nei |

**IATA:**




| | |
|---|---|
| **UN Númer** | 1263 |
| **Efnisheiti v. flutninga:** | PAINT |
| **Hættuflokkur:** | 3 |
| **Pökkunarflokkur:** | III |

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 og 13/01/2010.

Íslenskar reglugerðir 236/1990, 750/2008 og 866/2012.

VOC (EB 1999/13) 20,2% 270,68 g/l

Meðalkolefnistala: 8,86. Meðalsameindaþungi: 118,54 g/mól.

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

**Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði**

| | |
|---|---|
| H10 | Eldfimt |
| H37 | Ertir öndunarfæri |
| H51/53 | Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni |
| H65 | Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku |
| H66 | Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð |
| H67 | Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima |
| H226 | Eldfimur vökvi og gufa |
| H304 | Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg |
| H335 | Getur valdið ertingu í öndunarfærum |
| H336 | Getur valdið sljóleika eða svima |
| H411 | Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif |

**Útgáfa/Dags:** 1/03.05.2015

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

*Frumheimild:* ***MASTON OY***
***SAFETY DATA SHEET according to 1907/2006/EC (REACH), 453/2010/EC***
***CAR-REP - UBC 1KG BRUSHABLE***

*Útgáfa:* *08.04.2015 Útgáfa 1*